

251. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 14. JÚNÍ 2016 KL 9:30

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál
 - a. Fundargerð Fjármálahóps
 - i. Verklag fjármála, skráning
 - ii. Útvistun bókhalds Skálholts
 - iii. Útgjaldaliðir kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu sem fóru fram úr fjárhagsáætlun 2015
 - iv. Greiðslur úr kirkjumálasjóði 2015
 - v. Erindi frá stjórn PÍ varðandi embættiskostnað
 - vi. Skálholt
 - b. Ástjarnarsókn
 - c. Prestastefna 2017, fjárhagsáætlun
 - d. Erindi frá Árna Þ. Sigurðssyni
 - e. Fjáframlag til Kristniboðssambandsins
 - f. Fjölís
3. Fasteignir
 - a. Fundargerð Kirkjustarfshóps
 - i. Laufás, prestssetur
 - ii. Valþjófsstaður, kirkjujörð
 - iii. Staðastaður
4. Verndarsjóður í Skálholti, tilnefning fulltrúa
5. Skálholtsútgáfan, tilnefning fulltrúa
6. Trúarlíf Íslendinga. Könnun Gallup
7. Stórólfshvolssókn
8. Ytri-Njarðvíkursókn
9. Önnur mál
 - a) Erindi frá Kirkjutónlistarráði
 - b) Fundaaðstaða á Biskupsstofu

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Arnór Skúlason, verkefnisstjóri fasteignamála, sat fundinn undir dagskrárlið 3 a og b.

Biskup setti fund með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 250. kirkjuráðsfundar var leiðrétt og undirrituð.

2. FJÁRMÁL

a) Fundargerð fjármálahóps

Fundargerð fjármálahóps lögð fram.

i. Verklag fjármála, skráning

Kirkjuráð samþykkti að ljúka við skráningu verklags fjármála Biskupsstofu og sjóða kirkjunnar fyrir septembermánuð nk.

ii. Útvistun bókhalds Skálholts, frestun til 1. janúar 2017

Kirkjuráð samþykkti að fresta útvistun bókhalds Skálholts til 1. janúar 2017.

iii. Útgjaldaliðir kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu sem fóru fram úr fjárhagsáætlun 2015

Skrifstofustjóri lagði fram yfirlit yfir þá útgjaldaliði kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu sem fóru fram úr fjárhagsáætlun 2015.

iv. Greiðslur úr kirkjumálasjóði 2015

Skrifstofustjóri lagði fram yfirlit, ásamt skýringum, yfir þá reikninga kirkjumálasjóðs vegna ársins 2015 sem framkvæmdastjóri skrifaði ekki uppá.

v. Erindi frá stjórn PÍ varðandi embættiskostnað

Erindi stjórnar PÍ varðandi embættiskostnað, lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að málið verði skoðað betur í haust.

vi. Skálholt.

Minnisblað verkefnisstjóra vegna viðhaldsframkvæmda í Skálholti og kostnaðarmat, lagt fram. Niðurstaða úr eldvarnarskoðun Brunavarna Árnessýslu, sem framkvæmd var 9. mars sl., lögð fram. Minnisblað Verkís um hitaveitu í Skálholti, dagsett 21. ágúst 2014 lagt fram. Minnisblað Verkís um byggingar í Skálholti dagsett 7. maí sl. lagt fram. Verkefnisstjóri fasteigna kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti að veita úr Kirkjumálasjóði fjárhæð 47.5 m.kr. til viðhalds í Skálholti, með þeim fyrirvara að sex mánaða uppgjör kirkjumálasjóðs sýni fram á að svigrúm sé til þess. Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að fylgja málinu eftir.

Kirkjuráð samþykkti jafnframt að kalla eftir áætlun stjórnar Skálholtsstaðar um með hvaða hætti má koma á fót gjaldtöku ferðamanna á Skálholtsstað.

Kirkjuráð samþykkti að skoða möguleikann á því að húsnæði vígslubiskups á Skálholtsstað verði í framtíðinni núverandi rektorshús. Kirkjuráð vill skoða nýtingu á núverandi vígslubiskupshúsnæði á nýjan máta.

b) Ástjarnarsókn

Kirkjuráð samþykkti að gangast í ábyrgð vegna lántöku Ástjarnarsóknar Kjalarnessprófastsdæmi að fjárhæð allt að 60 m.kr. Sóknin var stofnuð af kirkjuþingi 2001 og síðan þá hefur starfsaðstaðan verið óviðunandi. Sú sérstaða safnaðarins er grundvöllur ákvörðunar kirkjuráðs og er ekki fordæmisgefandi fyrir aðra söfnuði. Séra Gísli Gunnarsson óskaði eftir að bókað yrði að hann sæti hjá við afgreiðslu málsins.

c) Prestastefna 2017, fjárhagsáætlun

Biskup lagði fram til kynningar drög að fjárhagsáætlun Synodus 2017 ásamt minnisblaði.

d) Erindi frá Árna Þ. Sigurðssyni

Erindi frá Árna Þorsteini Sigurðssyni dagsett 11. maí sl. lagt fram. Minnisblað til kirkjuráðs dagsett 5. júní sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að hafna erindinu.

e) Fjárframlag til Kristniboðssambandsins

Lagt var fram minnisblað um fjárframlög kirkjumálasjóðs til Kristniboðssambandsins vegna árána 2005-2016. Kirkjuráð mun taka málið til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2017.

f) Fjölís

Erindi frá verkefnisstjóra kirkjutónlistar dagsett í júní 2016, lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti nýjan samning við Fjölís.

3. FASTEIGNIR

a) *Fundargerð kirkjustarfshóps*

Fundargerð kirkjustarfshóps lögð fram og kynnt af séra Gísla Gunnarssyni.

i. Laufás, prestssetur

Fyrirspurn frá sóknarprestinum í Laufási hvort tekjur af lóðarleigu vegna fjarskiptamasturs megi renna til Laufáskirkju.

Kirkjuráð samþykkti að tekjur af lóðarleigu vegna fjarskiptamasturs á prestssetursjörðinni Laufási megi renna til Laufáskirkju.

ii. Valþjófsstaður, kirkjujörð

Kirkjuráð samþykkti tillögu kirkjustarfshóps að auglýsa jörðina til leigu, en undanskilja þau svæði sem sveitarfélagið hefur nú þegar til afnota.

iii. Staðastaður

Sóknarpresti Staðastaðarprestakalls hefur verið gerð grein fyrir því að reiknað sé með því að sóknarprestur taki við húsnæðinu og jörðinni frá 1. júlí nk. og greiði leigu frá þeim tíma.

4. VERNDARSJÓÐUR Í SKÁLHOLTI, TILNEFNING FULLTRÚA

Til viðbótar þeim sem þegar hafa verið tilnefndir í stjórn verndarsjóðs í Skálholti samþykkti kirkjuráð að tilnefna Jóhann S. Bjarnason sem varamann séra Hreins Hákonarsonar. Eins samþykkti kirkjuráð að tilnefna Margréti Sigurðardóttur í stjórnina. Tilnefndur varamaður hennar er Ragnhildur Benediktsdóttir. Biskup hefur tilnefnt Jón Sigurðsson og til vara sr. Egil Hallgrímsson.

5. SKÁLHOLTSÚTGÁFAN, TILNEFNING FULLTRÚA

Kirkjuráð samþykkti að tilnefna Sigríði Dögg Geirsdóttur í stjórn Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar til næstu þriggja ára.

6. TRÚARLÍF ÍSLENDINGA, KÖNNUN GALLUP

Rannsóknartillaga frá Gallup, dagsett 5. apríl sl., varðandi könnun á trúarlífi Íslendinga lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2017.

7. STÓRÓLFSHVOLFSSÓKN

Úrskurður Áfrýjunarnefndar í máli nr. 1/2016 lagður fram ásamt gögnum málsins. Erindi frá fulltrúum sóknarnefndar Stórólfsþvolfssóknar dagsett 13. júní sl., kynnt af framkvæmdastjóra.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að funda með fulltrúum Stórolfshvolfssóknar.

8. YTRI NJARÐVÍKURSÓKN

Lagt var fram bréf frá Ytri Njarðvíkursókn þar sem óskað er eftir því að lögfræðikostnaður sé greiddur af kirkjumálasjóði.

Kirkjuráð samþykkti að hafna erindinu.

10. ÖNNUR MÁL

a) Erindi frá Kirkjutónlistarráði

Erindi frá Kirkjutónlistarráði varðandi frestun á vinnu við endurskoðun kirkjutónlistarstefnunnar.

Kirkjuráð samþykkti erindi kirkjutónlistarráðs.

b) Fundaaðstaða á Biskupsstofu

Kirkjuráðsfulltrúi óskaði eftir því að fjarfundarbúnaður á Biskupsstofu yrði yfirfarinn svo öruggt sé að hann virki.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:57.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu þriðjudaginn 16. ágúst nk.

Kirkjuráð mun halda aukafund fimmtudaginn 23. júní nk. kl. 16:00.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson,
ritari.

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.